



Ljósmynd: Kristinn Ingvarsson

# Kennslunefnd Verkfræði- og náttúrvísindasviðs

**Anna Helga Jónsdóttir, dósent við Raunvísindadeild og formaður kennslunefndar Verkfræði- og náttúrvísindasviðs Háskóla Íslands**

**K**ennslunefnd Verkfræði- og náttúrvísindasviðs (VoN) veturnar 2017–2018 skipuðu Hlynur Guðmundsson (fulltrúi Náttverk, regnhlífarsamtaka nemendafelaga svíðsins), Kristjana Björk Barðdal (fulltrúi svíðsráðs VoN), Fjóla Jónsdóttir (IVT<sup>1</sup>), Andri Stefánsson (JVD<sup>2</sup>), Edda Waage (LUD<sup>3</sup>), Anna Soffía Hauksdóttir (RTV<sup>4</sup>), Ari Ólafsson (RVD<sup>5</sup>), Hrund Ólöf Andradóttir (UB<sup>6</sup>) og Anna Helga Jónsdóttir (VoN). Guðrún Helga Agnarsdóttir og Sigdís Ágústsdóttir voru starfsmenn nefndarinnar.

Nefndin hittist aðra hverja viku og ræddi um ýmis mál sem brunnu á nefndarmönum tengd námi og kennslu auk erinda sem nefndinni bárust frá stjórn svíðsins, deildum þess eða einstaka kennurum. Veigamestu málin þetta kennsluár sneru að gerð verklagsreglu um hvernig fara á með ábendingar nemenda sem berast eftir hinum ýmsu leiðum og móttöku nýnema.

Í Stefnu Háskóla Íslands 2016–2021, HÍ21, er ein af aðgerðunum sem skilgreindar eru eftirfarandi: „Deildir nýti kerfisbundið ábendingar nemenda um námið og haldi reglulega samráðsfundi með þeim til að auka gæði kennslu og stuðla að skuldbindingu nemenda í námi.“ (Háskóli Íslands, 2016). Í ljósi þess var farið í

bá vinnu að semja verklagsreglu til að tryggja að þær mikilvægu upplýsingar sem fram koma í kennslukönnunum, viðhorfskönnun Félagsvisindastofnunar og með öðrum hætti (svo sem til nemendajónustu VoN) séu nýttar á kerfisbundinn hátt til að fylgjast með og bæta kennslu í deildum VoN. Með verklagsreglunni er skilgreint hver hlutverk og ábyrgð deildarforseta, námsbrautarformanna, kennslunefndar, kennslustjóra og nemendajónustu eru og verkferlum lýst. Innleiðing verklagsreglunnar stóð yfir á haustmisseri 2018 og á að vera komin í gagnið að fullu á vormisseri 2019.

Haustið 2018 hóf fjölmennasti hópurinn sem lokið hefur þriggja ára námi í framhaldsskólam nám við Háskóla Íslands og því var ákveðið að setja saman metnaðarfulla dagskrá til að bjóða hópinn velkominn í nám á Verkfræði- og náttúrvísindasviði. Meginmarkmið

var að auðvelda nemendum þau umskipti sem felast í að hefja nám á háskólastigi, annars vegar með því að hjálpa þeim að kljást við nýtt og krefjandi námsefni en hins vegar með því að yta undir tengslamyndun. Þetta var gert með vinnustofum, upprifjunarnámskeiði og hinum ýmsu aðferðum sem beitt var til að hrista nemendahópinn saman (Anna Helga Jónsdóttir og Sigdís Ágústsdóttir, 2019).

## Heimildir:

Anna Helga Jónsdóttir og Sigdís Ágústsdóttir. (2019). Móttaka nýnema á Verkfræði- og náttúrvísindasviði. *Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands*, 7(1), 20–23. <https://doi.org/10.33112/tk.7.1.7>

Háskóli Íslands. (2016). *Stefna Háskóla Íslands 2016–2021*. Sótt af [https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/kynningar/baeklingar/stefna\\_hi\\_2016-2021.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/kynningar/baeklingar/stefna_hi_2016-2021.pdf)

## Leiðbeiningar

### Gerð hæfniviðmiða

*Elva Björg Einarsdóttir, verkefnastjóri við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands*

Í öðrum hring sjálfsmats háskóla (QEF2) er áhersla lögð á námskrágerð. Á vefsíðu Kennslumiðstöðvar (<https://kemst.hi.is/>) er að finna fræðsluefni sem styður við gerð hæfniviðmiða og dæmi um vel skilgreind hæfniviðmið þar er farið í gegnum ferlið frá setningu hæfniviðmiða fyrir staka námsþætti

í námskeiði, kennslu þeirra og námsmat þá er fjallað um samhengi námskrágerðar (hrísltöflugerð) og skilgreiningu lokaviðmiða námsleïða sem birtast í útskriftarsíðinei nemenda (e diploma supplement)



1 Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild (IVT)  
2 Jarðvísindadeild (JVD)  
3 Líf- og umhverfisvísindadeild (LUD)  
4 Rafmagns- og tölvuverkfræðideild (RTV)  
5 Raunvísindadeild (RVD)  
6 Umhverfis- og byggingarverkfræðideild (UB)